

Fundargerð 68. fundar

stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2022, þriðjudaginn 27. september kl. 11:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Gauti Jóhannesson, Matthildur Ásmundardóttir og Njáll Ragnarsson boðuðu forföll.

Fundinn sátu: Rebekka Hilmarsdóttir, Baldur Smári Einarsson, Fannar Jónasson og Jón Björn Hákonarson.

Að auki sat fundinn: Valgerður Freyja Ágústsdóttir sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Samtök sjávarútvegssveitarfélaga - aðalfundur 2022 - 2206002SU**

Undirbúningur fyrir aðalfund samtakanna sem haldinn verður þann 12. október 2022.

Lögð fram drög að fundarboði fyrir aðalfund samtakanna 12. október 2022, ásamt skýrslu stjórnar, ársreikningum 2020 og 2021 og starfs- og fjárhagsáætlun samtakanna.

Stjórn leggur til að árgjald og þóknun stjórnar verði óbreytt og vísar því til afgreiðslu aðalfundar.

Stjórn samþykkir fundarboðið og felur starfsmanni samtakanna að senda það ásamt fylgigögnum á aðildarsveitarfélög samtakanna.

2. **Tillaga að breytingu á samþykktum- aðalfundur 2022 - 2206002SU**

Lögð fram tillaga stjórnar að breytingu á samþykktum samtakanna vegna úrsagnar aðildarsveitarfélags.

Lögð fram tillaga að breytingu á samþykktum samtakanna, þar sem lagt er til að bætt verði við 2. gr. samþykktanna nýrri málsgrein er varðar úrsögn sveitarfélags úr samtökunum.

Stjórn samþykkir tillöguna og vísar henni til afgreiðslu aðalfundar.

Fundi var slitið kl. 11:30

Rebekka Hilmarsdóttir

Baldur Smári Einarsson

Fannar Jónasson

Jón Björn Hákonarson